

Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf. fyrir 2011 haldinn á Hótel Reynihlíð í Mývatnssveit, föstudaginn 18. maí 2012 kl. 14:00.

Mættir voru fulltrúar frá 11 hluthöfum af 19, með 89,4% hluta á bak við sig:

Norðurþing, Fræ ehf., Þingeyjarsveit, Framsýn – stéttarfélag, Þingið, Starfsmannafélag Húsavíkur, Skútustaðahreppur, Verkalýðsfélag Þórshafnar, Mannvit hf., Hótel Reynihlíð og Jónas Reynir Helgason. Auk þeirra starfsfólk AÐ og gestir.

Stjórnarformaður félagsins, Sigurgeir Höskuldsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Fyrir fundinum lá tillaga um fundarstjóra, Böðvar Pétursson og fundarritara, Ara Pál Pálsson. Aðrar tillögur komu ekki fram og voru þeir því sjálfkjörnir til starfa.

1. Skýrsla stjórnar

Stjórnarformaður, Sigurgeir Höskuldsson fór yfir skýrslu stjórnar um liðið starfsár sem lögð var fram á fundinum. Í ræðu sinni kom hann m.a. inn á umræðuna um einföldun á umhverfi þróunar og nýsköpunarverkefna sem stjórnvöld hafa boðað og lagt talsverða vinnu í. Inn í það fléttast stuðningur við byggðir landsins, en ekki hefur tekist að koma á heildstæðum breytingum á kerfinu sem hefur hamlað að ákveðnu leiti innri þróun ákveðinna svæða. Á einstökum svæðum hafa skref verið stígin í þessa átt, en á starfssvæði AÐ er umræðan á byrjunarstigi og ekki ljóst hvernig henni reiðir af. Fram kom að þrátt fyrir að ekki hafi fundist snertifletir sem leitt hafi til sameiningar sé mjög gott samstarf innan héraðs milli stofnana stoðkerfisins og ýmissa staðbundinna eininga.

Þá ræddi formaður þann samdrátt sem orðið hefur í starfsemi félagsins vegna skertra rekstrarframlaga og sagði ekki hægt að halda lengra í niðurskurði starfseminnar eigi félagið að standa undir væntingum sem m.a. koma fram í stefnumótunarvinnu 2010.

Formaður greindi næst frá því að Tryggvi Finnsson, atvinnuráðgjafi og fyrrverandi framkvæmdastjóri félagsins, hætti í föstu starfi um sl. áramót og færði hann Tryggva bestu þakkir fyrir gifturíkt starf í þágu félagsins.

Fram kom að rekstur félagsins er í járnum líkt og árið á undan, en það væri í sjálfu sér ekki óeðlilegt þar sem markmið félagsins væri ekki að skila fjárhagslegum arði. Tekjur og gjöld drógust saman á milli ára í takt við minnkandi umsvif og samdrátt í starfsmannahaldi. Framlög ríkisins drógust saman en sveitarfélögin komu til móts við félagið með hækkun sinna framlaga. Þá eru og aukin framlög í formi greiðslna frá fyrirtækjum og stofnunum en þar munar mest um tekjur vegna vinnu við innviðagreiningu fyrir Norðausturland. Segja mætti að afkoma ársins sé jákvæð þar sem búið er að ná stöðugleika í reksturinn en efnahagur félagsins sé þó það veikur að hann megi ekki við neikvæðri rekstrarafkomu til lengri tíma.

Í ræðu sinni kom formaður næst inn á breytingar á hlutafjäreign í félaginu. Í framhaldi af niðurfærslu eldra hlutafjár og hlutafjárukningar á árinu varð sú breyting að Byggðastofnun sem verið hafði annar stærsti hluthafinn er nú í hópi þeirra minni. Jafnframt styrktist eignarhald sveitarfélaganna á svæðinu og stéttarfélög og sparisjóðir á svæðinu styrktu einnig eignarhald sitt. Félagið er því í enn ríkari mæli en áður í eigu samfélagsins á starfssvæðinu.

Þessu næst gerði formaður grein fyrir málefnum Vaxtarsamnings Norðausturlands, en 2010 var lokaár fyrsta samningsins sem gerður var á svæðinu og fór árið 2011 í lokaúttekt og samningsgerð við ráðuneytið um nýjan samning. Verið er að leggja lokahönd á nýjan vaxtarsamning fyrir tímabilið 2012-2013 en verið er að samræma gildistíma allra vaxtarsamninga á landinu. Nýju samningarnir verða í meginatriðum svipaðir eldri samningum að því undanskyldu að þróunarfélögin fá ekkert greitt af hendi ríkisvaldsins fyrir að reka samningana. Þá er þeim skipuð sjálfstæð verkefnisstjórn sem tekur endanlegar ákvarðanir um þátttöku í verkefnum á grundvelli tillagna þróunarfélagsins.

Stefnumótun félagsins 2010 var næst til umfjöllunar hjá formanni, en í henni komu fram mikill samhljómur og metnaðarfull markmið sett. Í innleiðingu hennar er svo unnið að skilgreiningu verkefna til að ná settum markmiðum en slíkt er langhlaup og eins þarf að taka mið af síbreytilegum aðstæðum.

„Þó svo það sé sýn margra að Atvinnuþróunarfélagið eigi að vera miðpunktur allra þróunarmála í víðasta skilningi á öllu starfssvæðinu, er það svo að félag með þrjú starfsmenn og veika fjármögnun getur ekki staðið undir öllum þeim væntingum sem til þess voru gerðar í síðustu stefnumótunavinnu. Er það því mitt mat að félagið þarf að líta á sig sem hluta af stoðkerfinu og sinna færri verkefnum á þrengra sviði þannig að starfskraftar félagsins nýtast sem best. Því er nauðsynlegt að mínu viti að þeir aðilar sem leggja félaginu til rekstrarfé þ.e. sveitarfélögin, standi þéttar að félaginu og komi að stjórnun þess“ sagði formaður síðan og lokaorð hans voru þessi:

„Segja má að á hverjum tíma stöndum við á nýjum tímamótum. Nýir tímar, nýjar aðstæður, ný tækifæri. Það er ekki aðeins hlutverk þeirra er standa að rekstri félagsins að hafa skoðun á rekstri þess, það er líka þeirra hlutverk að hlutast til um rekstur þess. Kalla ég því eftir frekari umræðu um þau mál því það getur bara verið félaginu til góðs. Ég er viss um að komandi tímar verða spennandi fyrir félagið, starfsfólk og eigendur“.

2. Reikningar félagsins fyrir árið 2011

Ársreikningur AP 2011 var lagður fyrir fulltrúa hluthafa á fundinum, áritaður af stjórn félagsins og löggiltum endurskoðanda þess, PricewaterhouseCoopers hf. - Birni St. Haraldssyni og Davíð Búa Halldórssyni án athugasemda.

Framkvæmdastjóri, Reinhard Reynisson fór yfir reikningana og gerði grein fyrir einstökum liðum og helstu niðurstöðum.

Helstu niðurstöður ársreiknings:

Rekstrartekjur.....	38.710.762
Rekstrargjöld	(39.338.066)
Fjármagnsliðir	695.439
Hagnaður ársins	68.135
Fastafjármunir	4.486.623
Veltufjármunir	22.921.692
Eigið fé.....	877.749
Skuldir og skuldbindingar.....	26.530.566
Niðurstaða efnahagsreiknings	27.408.315

Framkvæmdastjóri fór einnig yfir skýringar og kom þar m.a. fram að rekstur ársins var réttu megin við núllið, enda minni umsvif í eiginlegum verkefnum.

Einnig kom fram að mest af þeim vaxtagjöldum sem fram koma í ársreikningi eru vextir af sjóðsstöðu eldri vaxtarsamnings sem eru gjaldfærð á árinu en greiðslum verður skipt á þrjú ár.

Eignarhlutir í öðrum félögum eru að mestu tilkomnar með yfirtöku Kísilgúrsjóðs og háðir ráðstöfun í samræmi við samning félagsins við iðnaðarráðuneytið þar um.

Mismunur á niðurstöðutölu eignahliðar efnahagsreiknings skýrist að mestu af því að Vaxtarsamningur var færður út úr rekstri AP.

Eiginfjárstaða komin í jafnvægi þó ekki sé hún sterk.

Skoðun á sjóðstreymi sýnir að reksturinn að taka til sín fé, sem að verulegu leiti fer til lækkunar á skammtímaskuldum.

Þá kom fram að tekjufærsla vegna vinnu við innviðagreiningu skiptist á tvö ár og verður því að hluta til færð á 2012.



Að yfirferð lokinni var orðið gefið laust um reikninga og skýrslu stjórnar.

Hjálmar Bogi Hafliðason spurði um gjöld vegna sérfræðiþjónustu í verkefnabókhaldi, rekstrarfamlög sveitarfélaganna til AÞ og eignarhlut þeirra í félaginu og áætluð ný störf vegna verkefna sem Vaxtarsamningur Norðausturlands tók þátt í. Framkvæmdastjóri svaraði þessum spurningum.

Engar frekari spurningar komu fram og var ársreikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða.

3. Kosning stjórnar og endurskoðanda.

Fundarstjóri kynnti fyrirleggjandi tillögur að stjórn frá fulltrúum hluthafa:

Aðalstjórn:

Aðalsteinn Á. Baldursson
Björn Víkingur Björnsson
Margrét Bjarnadóttir
Friðrik Sigurðsson
Sigurgeir Höskuldsson

Fleiri tillögur komu ekki fram og eru ofanrituð því sjálfkjörin í stjórn.

Varastjórn:

Gunnólfur Lárusson
Hjálmar Bogi Hafliðason

Fleiri tillögur komu ekki fram og eru ofanritaðir því sjálfkjörnir í varastjórn.

Fram kom tillaga um að endurskoðandi félagsins verði kjörinn PricewaterhouseCoopers ehf. – Björn St. Haraldsson, löggiltur endurskoðandi.

Fleiri tillögur komu ekki fram og þessir aðilar því sjálfkjörnir.

4. Ráðstöfun hagnaðar/taps.

Vísað er til ársreiknings varðandi ráðstöfun hagnaðar ársins sem kemur til hækkunar á eigin fé félagsins.

Tillagan samþykkt samhljóða.

5. Greiðslur til stjórnarmanna

Fyrir fundinum lá tillaga um að þóknun til stjórnarmanna sem framkvæmdastóri gerði grein fyrir. Laun stjórnarmanna verði 10.519 fyrir hvern fund (var 9.677) og formaður fái 50% álag á þá þóknun.

Þóknun til endurskoðanda verður samkvæmt reikningi.

Fyrirliggjandi tillaga var borin upp og hún samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál

- Bergur Elías Ágústsson bað um orðið og vakti máls á því að farið var í mikla stefnumörkun á árinu 2010 þar sem komið hefðu fram óskir helstu eigenda um hvernig félagið ætti að starfa. Sagði Bergur það vera sitt mat að metnaður væri mikill en það vantaði umræðu um hvernig fjármögnun þeirra verkefna skyldi vera. Hann tók undir með stjórnarformanni um að eðlilegt sé að sveitarfélögin komi þéttar að félaginu. Ekki væri hægt að ná markmiðum stefnumótunar þegar nauðsynlegur hluti, þ.e. fjármögnun fylgdi ekki með. Lagði hann til að sveitarfélögin taki þetta til gagngerar endurskoðunar á þessu ári.

- Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri félagsins var næstur á mælendaskrá, en hann kvaddi sér hljóðs til að þakka tveimur mönnum sérstaklega:
 - Pétur Snæbjörnsson hefur lengi setið í stjórn félagsins og því nokkur tímamót að hann lætur af stjórnarstörfum. Að því tilefni færði þakkaði framkvæmdastjóri honum samstarfið fyrir hönd starfsmanna.
 - Tryggvi Finnsson atvinnuráðgjafi og fyrrverandi framkvæmdastjóri hætti í föstu starfi um áramót og fyrir hönd starfsmanna þakkaði framkvæmdastjóri honum fyrir gott og skemmtilegt samstarf.

Fundarmenn tóku undir þessar kveðjur með lófataki.

- Sigurgeir Höskuldsson, stjórnarformaður AÞ steig því næst í pontu og vildi fyrir hönd stjórnar einnig þakka Pétri Snæbjörnssyni fyrir samstarfið og óska honum heilla í framtíðinni. Þá þakkaði hann fundarstjóra og fundarritara fyrir þeirra störf.
- Böðvar Pétursson fundarstjóri þakkaði fundargestum fyrir þrúða fundarsetu.

Ekki var fleira rætt á fundinum og sleit stjórnarformaður honum kl.14:52

Að loknu kaffihléi var haldið áfram með dagskrá í tengslum við aðalfund og bættist þá nokkuð í hóp fundarmanna.

Hvatningarverðlaun AÞ 2012

Sigurgeir Höskuldsson gerði grein fyrir árlegum hvatningarverðlaunum Atvinnuþróunarfélagsins og lýsti ákvörðun stjórnar AÞ um hvatningarverðlaun 2012 og voru þau að þessu sinni veitt Mýflugi ehf. og og stjórnendum félagsins fyrir þrautseigju og útsjónarsemi við að halda úti sérhæfðri flugstarfsemi í meira en aldarfjórðung.

Formaður gerði stutta grein fyrir sögu Mýflugs og Birgir Steingrímsson tók við verðlaununum fyrir hönd félagsins. Hann þakkaði þessa viðurkenningu og færði fundinum kveðju frá öðrum eigendum og óskaði þess að atvinnulíf í Þingeyjarsýslu mætti halda áfram að dafna.

Málþing

Svæðaskipting í ferðaþjónustu og sameiginleg kynningarmál

Böðvar Pétursson var settur fundarstjóri fyrir málþingið.

Edward H. Huijbens forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála

Er að skrifa bók, inngang í ferðamálafræði sem JPV gefur út. Hóf mál sitt á að ræða um ýmsar skilgreiningar á áfangastað. Gangverk ferðaþjónustunnar. Kerfi ferðamenskunnar. Upprunastaður og áfangastaður – tengsl þeirra.

Áfangastaðurinn: í eðli sínu flókið hugtak með óljósa afmörkun. Áfangastaður er ekki bara landfræðilegt hugtak, breytilegur í tíma. Afrakstur ígrundaðra athafna.

Undirstaðan eru samgöngur. Án þeirra engin ferðaþjónusta. Myndir: sveitarfélögin,

sóknaráætlunarsvæðin, svæðisskipting ferðaþjónustu, Fólksfjöldaþróun – Þóroddur Bjarnason,

Víðerni og vernduð svæði. Atvinnuþróunarfélög og nýsköpunarmiðstöðvar. Markaðsstofur ferðamála – Norðurland. o.s.frv.

Fjöldi gesta – hvert fara þeir og hvað gera þeir.

Meðaltalshlutfall gistinátta útlendinga 1998-2010

Lítil breyting á árstíðasveiflunni á 12 ára tímabili

Kortagerð: kortlagning ferðaþjónustu: verið að vinna á suðurlandi – Katla Geopark – sams konar vinna og hér fór fram 2008 Stefnumótun í ferðaþjónustu á Norðausturlandi.

Hvernig áfangastaður verður til á forsendu auðlindanna.

Ferðaþjónustan verður til á forsendu frumkvöðla.

Framtíðarsýn: göngu, hjóla og reiðleiðir kortlagðar, vakinn (gæðakerfið)....

Einar Gíslason forstöðumaður Húsavíkurstofu

Sýn Húsavíkurstofu á aukna samvinnu milli svæða í kynningarmálum. Samtal við AÞ, drög að samræmdum kynningarmálum. – Til að skapa svæðinu samræmda heildstæða sýn – skýr skilaboð til ferðamanna. netið öflugasti miðillinn, mikilvægt að byrja þar. Elur af sér annað kynningar efni. mikilvægt fyrir félögin að skapa samræmt útlit. Vefsíðugrunnur sem aðrir geta komið inn í. Vefir AÞ grunnurinn, samnefnarinn, þá svæðisvefir og þemavefir. Vefirnir tala saman og gefa skoðanda betri sýn. Stefnumótunarvinnan: Edge of the Arctic, skrásett vörumerki – góð hugmyndavinna. Tengir saman svæðið og staðsetur í hugum neytandans. Vörumerkið eykur gildi allrar kynningar.

Fulltrúar félaga sem sækja kynningar eru betur í stakk búnir til að kynna svæðið.

AÞ og Húsavíkurstofa vinna nú með Blokkinni. Síðurnar byggðar á sama grunni með áþekku útliti.

Sundurleitir síður með mismunandi ímynd skilja lítið eftir. Fundur aðila virtist fá jákvæð viðbrögð.

Vonar að framhald verði á.

Stefán Gunnarsson stjórnarformaður Mývatnsstofu

Mývatnsstofa – starfið og vegferðin. Ehf stofnað á vordögum 2007. Upplýsingagjöf var ábótavant.

skipaður vinnuhópur sem skilaði góðu starfi og gerð drög að viðskiptaáætlun. Ferðaþjónustufyrirtæki hlynt þessu formi, öll ferðaþj.fyrirtæki í Mývatnssveit eru hluthafar og einnig nokkur utan sveitar sem eiga hagsmuna að gæta í sveitinni. Sameiginlegt kynningarefni um Mývatnssveit sem áfangastað.

Vefurinn visitmyvatn.is nýr vefur að líta dagsins ljós. Forsíðan: árstíðirnar. Ferðamaðurinn fær strax þá tilfinningu að í Mývatnssveit séu 4 árstíðir sem hægt er að sækja heim.

Hefur séð um sameiginlega kynningu, Vestnorden o.s.frv. Tilurðin og hvatinn var skortur á

upplýsingagjöf. Ýmsar eldri tilraunir. Umhverfisstofnun ber skv. lögum að reka upplýsingastarfsemi á verndarsvæði Mývatns og Laxár. Vantaði upp á gæði og þjónustu. Viðskiptamódelið sem



Mývatnsstofa starfar eftir og hefur gengið ótrúlega vel (þrátt fyrir tap þar til síðasta ár). Nýtt hlutfé um mitt ár 2011. Módelið getur gengið upp. Vantar upb. 4 millj. af styrkfé inn í reksturinn en samt hagnaður.

Um svæðin: Fyrirtækin sem eru aðilar að Mývatnsstofu bera hitann og þungann að því að kynna sín fyrirtæki sjálf, en taka þátt í sameiginlegri kynningu vegna þess að það skilar fleiri ferðamönnum á svæðið. Sameiginleg markaðssetning getur aldrei snúist um annað en að kynna svæðið í heild. Mývatnsstofa og þátttaka í henni kemur ekki í veg fyrir að fyrirtæki taki þátt í öðru markaðsstarfi. Sum eru líka t.d. í MFN og Inspired by Iceland. Vonast eftir líflegum umræðum á eftir.

Sif Jóhannesdóttir fyrrverandi verkefnisstjóri Norðurhjara

Gebris verkefnið, efling ferðaþjónustu frá Jökulsá austur á Bakkafjörð.

Enginn hringur utan um Langanes og Þistilfjörð. Viðbrögð ferðaheildsala – hvers vegna ættum við að heimsækja þetta svæði. Mikið áunnist og mikill vilji til að efla ferðaþjónustu á svæðinu.

Stofnuð samtök ferðaþjónustuaðila: Norðurhjari, til að efla ferðaþjónustu og samstöðu á svæðinu.

Hafa farið með Húsavíkurstofu á Vestnorden.

Stóra verkefnið var að búa til kynningarmyndband sem Profilm gerði.

Staðan núna: litlir peningar til að reka verkefnið. Lág félgasgjöld, hafa fengið styrk frá VAXNA, en til að starfið gangi þarf að vera verkefnisstjóri þó ekki sé nema í hlutastarfi.

Guðrún Tryggvadóttir formaður Ferðamálafélags Þingeyjarsveitar

Ferðamálasamtök Þingeyjarsveitar stofnuð 2011. Komin ögn lengra í ferðaþjónustu en Norðurhjarasvæðið en samstarfið er nýrra. Vantaði samvinnu og t.d. upplýsingamiðstöð við Goðafoss.

Stofna tengsl milli ferðaþjónustuaðila og líka á milli svæðanna 4 í Þingeyjarsýslu og svo við Norðurland í heild, frá grasrót til Norðurlands.

Eins og symfóníuljósveit. Heild en ekki einleikarar. Til að fólk sjái sér hag í að taka þátt? Fólk frekar rólegt að taka þátt. Hefur nóg að gera yfir háönnina og vill hvíla sig þess á milli.

Námskeið, aðstoð við netmarkaðssetningu. Nauðsynlegt að vera með gott kynningarefni á vefnum. Gæti verið gulrót til að fá fólk til að taka þátt. Ferð meðal félaga um svæðið til að efla samkennd.

Orðið lausn til spurninga:

Soffía: hugmynd: stofurnar – meira samstarf, samnýta starfsfólk og miðlun fræðslu.

Pétur Snæbjörnsson: tilgangurinn að kortleggja ástand málaflokksins. Kostnaður: (skautað framhjá af frummælendum). Er markaðsskrifstofa Norðulands að skila okkur árangri. Er glóra í módelinu hjá Mývatnsstofu? Enginn annar hefur farið sömu leið. Hvers vegna? Er að virka mjög vel. Ekki skortur á samstarfi, spurning um að leita þekkingar það sem hún er. Erum við ekki að virkja fyrirtækin nógu vel til starfa?

Edvard: Rétt að skautað var fram hjá kostnaðarþættinum. Sérstakt að svæði séu markaðssett eftir stjórnsýslueiningum / styrkveitingarleiðum. Höfum lítið annað val núna vegna þess hvernig umhverfið er. Eddi vill horfa á þetta öfugt. Sveitarfélög að kynna sig á Vestnorden! mjög undarlegt.

Fyrirtæki eiga að kynna sig sjálf en það verður að gefa þeim tækifæri / tól til þess. Sjálfbær ferðaþjónusta á forsendum ferðaþjónustunnar og auðlindanna.

Einar: rekstarformið. Rekstrarform eins og Mývatnsstofa hentar ekki alls staðar. Myndi varla ganga á Húsavík. Hefur verið horft til að selja vörur þátttökuaðila og reiknað út en ekki talið ganga.

Stefán: Dyr Mývatnsstofu standa opnar gagnvart samstarfi varðandi upplýsingagjöf o.s.frv. Sér þó ekki fyrir sér að samnýting á starfsfólki verði praktískts.

Svæðisskipting: spurningin alltaf: „what’s in it for me“. Tekur þátt í því samstarfi sem hann telur að þjóni sínum hagsmunum. Hefur farið í ferðir með Icelandair til að kynna fyrirtækið, en stendur eins og glópur og er að sýna fólki hvar Ísland er á hnettinum. Þá að það sé fleira á Íslandi en Reykjavík og þá loks hægt að tala um fyrirtækið. Menn verða alltaf að finna að það sé eitthvað gildi fyrir þá. annars sjálfhætt.

Guðrún: Þingeyjarsveit: svæðið sem varð eftir – Svæðin 4 þyrftu að vinna saman. Módel Mývatnsstofu myndi varla ganga í Þingeyjarsveit

Sif: önnur staða en hjá hinum: ekki stofa, bara samtök ferðapjónustuaðila.

Guðrún: svipað hjá Þingeyjarsveit: einhvers staðar verður að byrja, hefur trú á symfóníuhljómsveitinni.

Mikilvægt að fá stuðning frá hinum sem lengra eru komnir, en ekki síður mikilvægt að finna samhljóminn. T.d. ekki alltaf til staðar með MFN, því vetrarferðapjónusta er ekki málið hjá Norðurlandinu. Gagnlegt að taka þátt í samstarfi (t.d. Húsavíkurstofu og Gljúfrastofu) þegar það hentar.

Edvard: hvað er valið hjá Jarðböðunum? (lyftureglan) o.fl.

Reinhard: um svæðin: ef menn ætla að vinna saman þurfa menn væntanlega að skilgreina sig einhvern veginn. Einhverja svæðisskiptingu. Er MFN að skila okkur í rétta átt eins og Pétur spurði?

Stefán: höfum ekki concret mælikvarða til að mæla árangurinn. Ef þú og þitt fyrirtæki metur það þannig að hagsmunum þínum sé betur borgið hér en þar, þá ræður það, þótt um huglægt mat sé að ræða.

Einar: MFN hafa unnið að kortum, fengið ferðaskipuleggjendur o.s.frv. En svæðið hér á litla samleið með svæðinu vestan Akureyrar. Okkar svæði komið of stutt á veg í vöruþróun og með samstilltu átak í þeim efnum er hægt að fara stíga frá MFN samstarfinu eftir einhver ár.

Sif: ferðir MFN ná ekki inn á Norðurlandinu. Lítið af vinnu MFN sem nær þangað. Mjög fáir aðilar á svæðinu meðlimir og ekki t.d. Svalbarðshreppur.

Edvard: í ljósi umræðna: mikilvægt að huga að concret mælikvörðum, en hefur líka áhuga á huglæga matinu. Skiptir ekki máli hvert svæðið er, heldur að það sé stöðugleiki í umhverfinu. Mörkin geta verið hvar sem er, ef stöðugleiki er til staðar.

Guðrún: MFN gefur út fínt kort með afþreyingu á Norðurlandi. Jarðböðin, Skíðarútan og N1! Finnst þetta apparat dálítið langt í burtu, vantar þessi tengsl sem eru svo mikilvæg. Spennt fyrir auknu samstarfi á svæðisvísu, en þó með tengsl samtakanna inn í MFN. Mikilvægt að ná grasrótinni með. Betra að vera með minna svæði undir til að ná sameiginlegri heildarsýn, en þó tengsl inn í stærra umhverfið.

Fundarstjóri sleit málþinginu kl. 16:25



Fundarstjóri
Böðvar Pétursson

Fundarritari
Ari Páll Pálsson